

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1207
komudagur 8.3.2006

KS/jhb

Reykjavík 7. mars 2006.

B. 282/2006

Borist hefur til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, 503. mál, EES-reglur o.fl.


Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Í 9. gr. frv. er m.a. að finna ákvæði um auknar heimildir Vegagerðarinnar til að framfylgja eftirliti með afmörkuðum þáttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið en rétt er að leggja áherslu á að almennt verði farið varlega í að veita öðrum stofnunum en lögreglu rannsókn refsiverðra brota. Lögregla getur, með öflun sérþekkingar og sérstakra tækja, sinnt flóknum málum á ýmsum sérsviðum.

Í 14. gr. frv. er að finna ákvæði um ökuréttarsviptingu. Gert er ráð fyrir að í 7. mgr. 102. gr. umferðarlaga verði kveðið á um að ökumaður skuli ekki beittur viðurlögum vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna að uppfylltum þremur skilyrðum sem tilgreind eru í a. - c. lið málsgreinarinnar. Í greinargerð er tekið fram að æskilegt sé að í læknisvottorði skv. a. lið komi fram að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomnlega fær um að stjórna ökutæki. Ljóst er að í refsímáli er ekki unnt að gera þessar kröfur, fyrst ekki er skýr áskilnaður um það í lögnum. Réttara væri því að þetta kæmi fram í lagaákvæðinu sjálfu. Þá má varpa fram þeirri spurningu hvort nauðsynlegt sé að bæði skilyrði a.- og b.- liða (um lyfjakort) séu uppfyllt. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki vikið að því af hverju framangreint læknisvottorð sé ekki látið duga til sönnunar, heldur þurfi ökumaður jafnframt að sýna lyfjakort, eða þá að lyfjakortið sé látið duga.

Ljóst er að hið nýja ákvæði 45. gr. a. um bann við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna á einungis við þau efni sem alfarið eru bönnuð á íslensku yfirráðasvæði, þ.e. efna sem vísað er til í 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og b-merktra efna samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002. Ekki verður séð að ákvæðið eigi við önnur efni samkvæmt fylgiskjalinu þ.e. þau sem einungis eru eftirritunarskyld, t.d. morfins. Um akstur eftir neyslu á þeim efnun myndi því gilda ákvæði 44. gr. umferðarlaga og ákærvaldið þyrfti að sýna fram á að ökumaður hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Af greinargerð með frumvarpinu er ekki unnt að ráða hvaða ólöglegu efni það eru sem tíðkast að gefa sjúklingum í lækningaskyni, þannig að setja má spurningamerki við hvort ákvæði 7. mgr. 102. gr. laganna, um að öikumenn geti komist hjá viðurlög, sé raunhæft.

Að öðru leyti er tekið undir tillögur sem felast í frumvarpinu


saksóknari

Nefndasvið Alþingis

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229